

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2021/269****2022/EES/18/36****frá 4. desember 2020**

um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2020/427 að því er varðar gildistökudagsetningu breytinga á tilteknum ítarlegum reglum um framleiðslu á lífrænt ræktuðum vörum í II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 frá 30. maí 2018 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænt ræktaðra vara og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 ⁽¹⁾, einkum 12. gr. (e-liður 2. mgr.), 14. gr. (c-liður 2. mgr.) og 15. gr. (a- og d-liður 2. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Vegna uppkomu COVID-19-heimsfaraldursins og tengds hættuástands á sviði lýðheilsu var deginum þegar reglugerð (ESB) 2018/848 kemur til framkvæmda, svo og öðrum tengdum dagsetningum sem um getur í reglugerð (ESB) 2018/848, frestað um eitt ár með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/1693 ⁽²⁾.
- 2) Reglugerð (ESB) 2018/848 var breytt með framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/427 ⁽³⁾ að því er varðar tilteknar ítarlegar reglur um framleiðslu á lífrænt ræktuðum vörum. Í þágu réttarvissu ættu þessar framleiðslureglur að gilda frá þeim degi sem reglugerð (ESB) 2018/848 kemur til framkvæmda.
- 3) Því ætti að breyta framseldri reglugerð (ESB) 2020/427 til samræmis við það.
- 4) Þar eð nauðsynlegt er að þessi reglugerð taki gildi eins fljótt og auðið er ætti hún að öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 2021.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað annarrar málsgreinar 2. gr. framseldrar reglugerðar 2020/427 kemur eftirfarandi:

„Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2022.“

*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2021.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 60, 22.2.2021, bls. 24. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 34/2022 frá 4. febrúar 2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjttíð. ESB L 150, 14.6.2018, bls. 1

(2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/1693 frá 11. nóvember 2020 um breytingu á reglugerð (ESB) 2018/848 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænt ræktaðra vara að því er varðar daginn þegar hún kemur til framkvæmda og tilteknar aðrar dagsetningar sem um getur í þeirri reglugerð (Stjttíð. ESB L 381, 13.11.2020, bls. 1).

(3) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/427 frá 13. janúar 2020 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 að því er varðar tilteknar ítarlegar reglur um framleiðslu á lífrænt ræktuðum vörum (Stjttíð. ESB L 87, 23.3.2020, bls. 1).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. desember 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.
